

VÁTRYGGINGAEFTIRLITIÐ

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
bt. Guðjón Rúnarsson nefndarritari

bréfsími 563 06 10

Alþingi
Erindi nr. p 121/1840
komudagur 29.4.1997

Reykjavík 29/04/97

tilvísun: 3510x752.doc

Með bréfi dags. 21. apríl sl. var óskað eftir umsögn Vátryggingaefirlitsins um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Vátryggingaefirlitið telur rétt að sett verði lögjöf um þetta efni, en hefur margt við fyrirliggjandi frumvarp að athuga og telur varasamt að samþykkja það óbreytt.

Ekki virðist hafa verið gætt vátryggingalegra sjónarmiða í nægilegum mæli við samningu frumvarpsins. Á það m.a. við um bótarétt, réttindi sjóðfélaga og rétt hafa við breytingar á samþykktum og sameiningu lífeyrissjóða, forsendur um áhættu varðandi örorku og andlát, ákvæði um samþykktir sjóðanna, eftirlitshætti og hvaða stjórnvöld hafa eftirlitið með höndum.

Ekki var nægilegur tími til stefnu til þess að unnt væri að fara yfir einstakar greinar frumvarpsins til hlýtar, hvað þá að orða athugasemdir Vátryggingaefirlitsins sem breytingartillögur. Fulltrúar eftirlitsins hafa verið boðaðir á fund nefndarinnar á morgun og munu fyrir þann tíma setja ofangreindar athugasemdir fram nánar eftir því sem aðstæður leyfa.

Virðingarfyllt
VÁTRYGGINGAEFTIRLITIÐ



Helgi Þósson